

7. mars 2011  
SÍ-71195

Nefndasvið Alþingis  
nefnasvið@althingi.is  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með skeyti dags. 2. mars 2011 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um rannsókn á stöðu heimilanna, þskj. 381 - 314. mál á 139. löggjafarþingi.

Markmið frumvarpsins er að fyrir liggi reglulega upplýsingar um stöðu ólíkra hópa heimila til þess að stjórnvöld geti markað stefnu sem tryggir hag heimila, einkum þeim sem standa höllum fæti.

Seðlabankinn hefur áður komið á framfæri skoðun sinni að reglulegu mati á fjárhagsstöðu skuldugra heimila verði komið í varanlegan farveg. Mikilvægt er að stjórnvöld og eftirlitsstofnanir hafi heilsteypta mynd af fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja og þróun hennar. Vísað er í umsögn Seðlabankans um 238. mál um frumvarp um úttekt á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja þar sem finna má umfjöllun og rök fyrir því að ekki eigi að setja fjármuni í tímabundnar lausnir sem myndu einungis gagnast stjórnvöldum í afmarkaðan tíma. Seðlabankinn tekur því undir þau sjónarmið sem eru lögð fram í frumvarpinu um að mikilvægt sé að hefjast undir eins handa við að afla gagna um stöðu heimilanna. Bankinn telur að hagkvæmast sé að gera slíkt með eftirfarandi hætti og að vanda þurfi vel til verksins:

1. Setja á stofn miðlæga skuldaskrá.
2. Samkeyra gögn úr miðlægri skuldaskrá við gögn um tekjur, bætur, fjölskylduhagi o.fl.
3. Samkeyrslur verði framkvæmdar af óháðum fagaðila sem uppfyllir reglur ESB og EES um hagskýrslugerð.

Virðingarfyllt  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri

Rannveig Sigurðardóttir  
staðgengill aðalhafþræðings